

Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013–2016.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Kaflinn **Framlög** orðist svo:

Íslensk stjórnvöld styðji markmið Sameinuðu þjóðanna (SP) um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VPT) til þróunarsamvinnu. Mörkuð verði sú stefna að Ísland muni á næstu árum skipa sér í hóp þeirra ríkja sem leggja meira en sem nemur 0,7% af VPT til þróunarsamvinnu. Framfylgt verði eftirfarandi áhersluatriðum:

- Fylgt verði tímasettri áætlun um hækkun framlaga á gildistíma þessarar áætlunar, úr 0,26% í 0,42% af VPT á tímabilinu 2013–2016, sbr. eftirgreinda töflu.
- Stefnt að hækkun framlaga í 0,35% af VPT árið 2015 og 0,42% af VPT árið 2016.
- Hraðað verði hækkun framlaga við endurskoðun áætlunarinnar árið 2015.
- Verði hagvöxtur meiri en nú er spáð komi framlögin til endurskoðunar en jafnframt verði tryggt að framlög til þróunarmála verði ekki lægri að raungildi en árið 2013.
- Árið 2017 renni 0,5% af VPT til þróunarmála og árið 2019 renni 0,7% af VPT til þróunarmála.
- Framlög til fjárlagaliðar fyrir verkefni félagasamtaka nemi 8% af heildarframlögum árið 2014.
- Sérstakur fjárlagaliður verði fyrir Alþjóðlega jafnréttisskólann í fjárlögum eftir að skólinn er orðinn hluti af neti Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP) á Íslandi.

Áætlað er að þróun framlaga á gildistíma áætlunarinnar verði sem hér segir:

	VPT ¹ (m.kr.)	Hlutfall af VPT (%)	Framlög (m.kr.)
2013	1.663.302	0,26	4.332
2014	1.773.680	0,28	4.966
2015	1.878.238	0,35	6.574
2016	1.930.273	0,42	8.107

¹ Samkvæmt spá Hagstofu Íslands um VPT, 2. nóvember 2012.

Fylgt verði eftirfarandi áætlun um skiptingu framlaga eftir fjárlagaliðum:

	2013		2014		2015		2016	
	<i>m.kr.</i>	<i>Hlutf.</i>	<i>m.kr.</i>	<i>Hlutf.</i>	<i>m.kr.</i>	<i>Hlutf.</i>	<i>m.kr.</i>	<i>Hlutf.</i>
ÞSSÍ	1.772,6	41%	1.982,5	40%	2.624,3	40%	3.236,4	40%
UTN	2.282,7	53%	2.576,6	52%	3.410,5	52%	4.206,0	52%
<i>Þar af:</i>								
Jarðhitaskóli HSP	249,8	6%	286,5	6%				
Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP, FAO	27,2	1%	31,2	1%				
Þróunaráætlun SP, UNDP	42,8	1%	49,1	1%				
Barnahjálp SP, UNICEF	175,1	4%	200,9	4%				
Sjávarútvegsskóli HSP	211,7	5%	242,8	5%				
Landgræðsluskóli HSP	85,1	2%	102,0	2%				
Stofnun SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women	174,7	4%	200,4	4%				
Mannúðarmál og neyðaraðstoð	262,2	6%	300,8	6%				
Alþjóðabankinn	177,5	4%	203,6	4%				
Umhverfis- og loftslagsmál	80,6	2%	92,5	2%				
Íslensk friðargæsla	195,0	5%	219,4	4%				
Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	206,6	5%	231,0	5%				
Almenn framlög til annarra alþjóðastofnana*	149,4	3%	171,4	3%				
Stofnfjárframlög (IDA, NDF)	245,0	6%	245,0	5%				
Samstarf við frjáls félagasamtök	277,1	6%	397,3	8%	525,9	8%	648,6	8%
Eftirlit Alþingis			9,9	0,2%	13,1	0,2%	16,2	0,2%
SAMTALS	4.332,4		4.966,3		6.574,0		8.107,0	
Hlutfall af VÞT	0,26%		0,28%		0,35%		0,42%	

* Hlutfall framlaga til alþjóðlegra stofnana sem telst til þróunarsamvinnu: Almenn framlög til SP (12%), UNESCO (60%), IAEA (33%), ÖSE (74%), Alþjóðleg friðargæsla (6%), ILO (60%), WHO (76%) og UNFCCC (61%).

2. Við kaflann **Stefnumörkun, innra og ytra starf.**

- a. A-liður 1. tölul. orðist svo: Endurskoðuð áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2015–2018 verði lögð fyrir Alþingi fyrir árið 2015.
- b. Við 1. tölul. bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
 - d. Aukin eftirfylgni verði á vegum Alþingis með framkvæmd áætlunarinnar, svo sem með eftirlitsstarfi á vettvangi.
 - e. Sérstakur fjárlagaliður verði fyrir eftirlitsstarf Alþingis.